

ÁRSSKÝRSLA KVASIS

maí 2000 - 2001



Samtök fræðslu- og símenntunarmidstöðva á landsbyggðinni.

*Emil Björnsson
Iðunn Antonsdóttir
Skúli Thoroddsen*

Stofnun Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni

Í lok maí 1999 hittust aðstandendur fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í Neskaupstað. Á þessum fundi kom strax í ljós að mikill áhugi var á auknu samstarfi miðstöðvanna og þar var stofnuð samráðsnefnd símenntunarmiðstöðva. Samstarfið þróaðist í þá veru að miðstöðvarnar stefndu að því að bindast formlegum samtökum og því var boðað til stofnfundar félags fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, á Selfossi 31. maí 2000.

Mætt til fundar voru: Inga Bára Þórðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Iðunn Antonsdóttir Símenntunarmiðstöð Þingeyinga, Emil Björnsson Fræðsluneti Austurlands, Skúli Thoroddsen Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Björg Árnadóttir Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Jón Hjartarson Fræðslumiðstöð Suðurlands, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir og Baldur Dýrfjörð frá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Farskóla Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar.

Jón Hjartarson hjá Fræðsluneti Suðurlands og gestgjafi fundarins bauð fundarmenn velkomna. Iðunn Antonsdóttir stýrði fundi.

Skúli Thoroddsen kynnti aðdragandann að stofnun samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og lagði fram drög að samþykktum félagsins. Einnig lagði hann til að félagið yrði nefnt Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Samþykktir hins nýja félags voru samþykktar samhljóða svo og nafnið.

Í stjórn Kvasis fyrir starfsárið 2000-2001 voru kjörin: Emil Björnsson Fræðsluneti Austurlands, Iðunn Antonsdóttir Fræðslumiðstöð Þingeyinga og Skúli Thoroddsen Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Á stofnfundinum var einnig fjallað um fjármál fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og ýmis sameiginleg verkefni og hagsmunamál.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur haldið fimm skráða fundi og nokkra tilfallandi s.s. þegar stjórnarmenn hittast við önnur tækifæri.

Fyrsti formlegi stjórnarfundur var haldinn á Kópaskeri 27. júlí og þar var mörkuð stefna í nokkrum málum sem stjórn hugðist einbeita sér að

Ákveðið var að innheimta árgjald 30.000 krónur á hverja stöð í samræmi við tillögu á stofnfundi. Stjórn skilgreindi og ákvað að sinna ákveðnum verkefnum á starfsárinu og verða hér nefnd þau helstu:

- Kynna Kvasi m.a. í menntamálaráðuneyti og hjá fjárlaganefnd.
- Skilgreina hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í menntakerfinu á samráði við yfirvöld menntamála.
- Kanna kaup á sameiginlegu skráningarkerfi fyrir aðila Kvasis.
- Vinna að því að koma fjárframlögum frá hinu opinbera í fastar skorður.
- Koma á mati og skráningu á óhefðbundnu námi til að geta metið það inn í hefðbundið nám (námsferilsskírteini).

- *Koma á MUS verkefninu á Íslandi í samstarfi við MENNT (markviss uppbygging starfsfólks).*
- *Vinna að því að bæta síma- og samskiptamál vegna fjarnáms með þátttöku í nefndum um þessi mál á vegum menntamálaráðuneytis og Byggðastofnunar.*
- *Undirbúa Viku símenntunar 2000 í samstarfi við MENNT með sameiginlegum fundi.*
- *Vinna að símenntun forstöðumanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.*
- *Koma á erlendum samskiptum.*
- *Útvega Kvasi logo.*

Unnið hefur verið markvisst að því að koma þessum málefnum í réttan farveg og má segja að þau séu mislangt á veg komin. Ágætur árangur hefur náðst í sumum málum og gerð er grein fyrir þeim atriðum síðar í skýrslunni.



Stjórn Kvasis starfsárið 2000-2001

Félagsfundir - félagsstarf

Kvasir hefur haldið fjóra formlega félagsfundi á árinu, auk óformlegra funda við ýmis tækisfæri. Mikið af tölvupósti hefur farið á milli félagsmanna með margvíslegum upplýsingum. Strax í upphafi markaði stjórn þá stefnu að virkja félagsmenn í verkefnum fyrir Kvasi og allir félagsmenn hafi sinnt ákveðnum verkefnum fyrir Kvasi á fyrsta starfsárinu.

Með sameiginlegu átaki tókst að hækka fjárveitingu aðila Kvasis. Þá er einnig ljóst að samanburður á kjörum forstöðumanna miðstöðvanna hefur aðstoðað einhverja félagi til að ná fram bættum launakjörum.

Samskipti við yfirvöld menntamála

Fullyrða má að náðst hefur gott samstarf við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila um störf fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Stjórn Kvasis gekk á fund menntamálaráðherra Björns Bjarnasonar 3. nóv. 2000 og kynnti honum og aðstoðarmanni hans stefnumál og störf Kvasis. Í máli Björns kom fram að hann vill styðja við og efla starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva (sbr. fundargerð frá ofangreindum fundi). Því var einnig vel tekið að koma á fót samráðshópi um tækni fjarkennslunnar og öðrum hópi til að fjalla um skipulag fjarnáms á háskólastigi.

Eftir fundi með fjárlaganefnd og fulltrúum menntamálaráðuneytis var framlag til fræðslumiðstöðva hækkað verulega á fjárlögum og einnig var veitt aukafjárveiting til að

greiða símakostnað vegna notkunar á fjarfundabúnaði til kennslu á háskólastigi á árinu 2000.

Erlend samskipti

Stofnfundi Kvasis var vart lokið þegar fyrirspurnir fóru að berast til félagsins um erlend samskipti.

- Kvasir gerðist aðili að EAEA – Evrópusamtök um fullorðinsfræðslu.
- Þegar Sigurður Guðmundsson hjá Rannsóknarstofnun Háskólans sótti um styrk vegna verkefnis ESB í tilefni Evrópuárs tungumála 2001, um var þess óskað að vinna málið með Kvasi – hinum íslensku samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva ef EAEA ættu að koma að málinu sem erlendur samstarfsaðili.
- Í nóvember 2000 fóru nokkrir forstöðumenn fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í tveggja daga ferð til Danmerkur til að kynna sér SUM/MUS verkefnið (markviss uppbygging starfsfólks).
- Í febrúar tóku stjórnarmenn í Kvasi á móti stjórn NFF – Norsk Forbund for fjernundervisning, í Blá lóninu.
- Apríl tóku fulltrúar Kvasis á móti fulltrúum frá sænskum lýðháskólum.
- Í maí fóru tveir stjórnarmenn í Kvasi á ráðstefnu NFF sem haldin var í Asker. Efni ráðstefnunnar var: Pedagogik í fjernundervisning. Ferðin var styrkt af norrænu ráðherranefndinni.

Ýmis fleiri samtök hafa boðið Kvasi að senda fulltrúa á fundi og ráðstefnur, en ekki hefur verið unnt að verða við því þar sem Kvasir hefur mjög takmörkuð fjárráð og lendir það því nokkuð á miðstöðvum stjórnarmanna að standa straum af kostnaði sem í rauninni fellur til vegna félagsins. Þá er einnig rétt að benda á að félagsmenn sækja ýmsar ráðstefnur og fundi í samstarfi við ýmsa aðila.

Ljóst er að Kvasir hefur uppfyllt ákveðið skipulagslegt tómarúm í símenntun og fullorðinsfræðslu, sem brú á milli atvinnulífs, skóla og yfirvalda menntamála.

Fjármál

Tekjur og gjöld Kvasis á síðari hluta ársins 2000 eru 657.664 krónur. Ekki hefur verið innheimt félagsgjald fyrir árið 2001.

Staða og framtíðarsýn

Kvasir virðist gegna mun vegameira hlutverki í fullorðinsfræðslu, símenntun og fjarmenntun en fundarmenn sáu fyrir á stofnfundi, og þó er það ekki svartskýni eða minnimáttarkennnd sem einkennir samtökin.

Fulltrúar Kvasis eru þegar aðilar að ýmsum samtökum og starfsnefndum s.s. á vegum menntamálaráðuneytis, MENNTAR og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í lok starfsárs er rétt að meta stöðuna, gera grein fyrir starfinu og horfa jafnframt fram á veginn. Á næsta starfsári er rétt að benda á nokkur verkefni:

- Tækni og þjónusta við notkun fjarfundabúnaðar verður að komast í viðunandi horf.
- Festa MUS verkefnið í sessi.
- Styrkja fjárhag Kvasis.
- Koma fjárhag fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á fastan grunn m.a. með þjónustusamningum.
- Efla innlend og erlend samskipti.

- *Kvasir er verðugur aðili til að standa fyrir rannsóknum og nýjungum í fjarmenntun. Eðlilegt er að Kvasir standi fyrir ráðstefnu um fjarmenntun á Íslandi þar sem þema ráðstefnunnar verði staða og kennslufræði fjarmenntunar.*

Með tilkomu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í öllum kjördæmum landsins (samkvæmt eldri kjördæmaskipan) og auknum möguleikum til fjarnáms hefur almenningur gert sér það ljóst að réttur til menntunar er eitt af mikilvægustu jafnréttismálum þjóðarinnar. Fólk vill eiga þess kost að menntast sem mest í heimabyggð og því er einnig hér um byggðamál að ræða. Það eru vel þekkt sannindi að menntaður einstaklingur hefur þekkingu til að skapa atvinnu og þess vegna er aukin menntun einnig atvinnumál. Þannig tengist menntunin jafnrétti, atvinnu og byggðapróun órjúfanlegum böndum. Þarna gegna fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar lykilhlutverki þar sem þær eru í nánu sambandi við íbúa landsbyggðarinnar og í flestum tilfellum nátengdar atvinnulífi svæðanna.

F.h. stjórnar Kvasis starfsárið frá maí 2000 - maí 2001

Emil Björnsson